

**Stjórn byggðasamlags UTU - 127. fundur
haldinn á Borg, miðvikudaginn 22. ágúst 2025
og hófst hann kl. 11:00**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Björn Kristinn Pálmarsson varamaður, Árni Eiríksson varamaður, Herbert Hauksson varamaður, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson varamaður og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

María Rós Skúladóttir og Róbert Ragnarsson frá KPMG sátu fundinn undir dagskrárlið 1.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Vinna KPMG

Stjórn UTU bs. hefur fengið til umfjöllunar launagreiningu Strategíu frá janúar 2024 sem unnin var fyrir aðildarsveitarfélögin. Helstu niðurstöður þeirrar greiningar voru að óútskýrður munur væri á launakjörum og hlunnindum starfsfólks UTU bs. Jafnframt að æskilegt sé að ráðast í breytingar á launa- og starfsumhverfi til að bæta yfirsýn stjórnenda, auka gagnsæi og jafna kjör.

Í kjölfar þeirra greiningar fékk stjórn KPMG til að greina starfsumhverfi félagsins og leggja fram tillögur til úrbóta. Helstu niðurstöður þeirra vinnu voru tillögur að úrbótum á eftirfarandi þáttum

- Launa- og mannauðsmál: móta launastefnu og samræma launakjör.
- Verklag og ferlar: Innleiðing viðverustefnu, verkbókhalds og skoða sveigjanleika til fjarvinnu.
- Stjórnkerfi og verkaskiptingu: Skilgreina hlutverk skrifstofustjóra og ábyrgð hans. Endurskoða stjórnskipulag og vinnufyrirkomulag með það að markmiði að auka samþættingu, nýta betur fjármagn og tryggja jafnræði.
- Frammistöðu og gögn: Tengja skýra árangursmælikvarða við stefnu UTU bs. hvort sem litið er þjónustustigs, mannauðsmála eða reksturs.

Á grundvelli þeirra úrbótatillagna var ákveðið að eiga samráð við starfsfólk og fá fram þeirra sjónarmið. Fór það fram á starfsmannafundi á skrifstofu UTU bs. á Laugarvatni 26. júní s.l. og í viðtölum við alla starfsmenn. Einnig var haldin vinnustofa þann 1.júlí 2025 með starfsfólkinu þar sem litið var til framtíðar.

Stjórn samþykkir að gera breytingar á skipuriti félagsins með það að markmiði að leggja aukna áherslu á samvinnu og samþættingu verkefna milli deilda. Skipuritið á að endurspegla breytingar á vinnumenningu og verklagi í samræmi við gildi og tilgang félagsins. Starfsheitum verður breytt og hlutverk, umboð og ábyrgð starfa endurskilgreind út frá skilgreiningum í Starfsmati Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Starfsheitin aðstoðarmaður byggingafulltrúa, aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa, ritari og móttaka verða lögð niður og ný skilgreind út frá ofangreindu starfsmati.

Starfsheitið skrifstofustjóri verður lagt niður og starfsheitið Framkvæmdastjóri tekið upp. Framkvæmdastjóra verður falið það umboð að vera næsti yfirmaður starfsmanna. Stjórn ræður eftir sem áður framkvæmdastjóra, skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa. Framkvæmdastjóri verður daglegur stjórnandi stoðþjónustu og seyrumála. Byggingafulltrúi verður daglegur stjórnandi byggingamála og skipulagsfulltrúi daglegur stjórnandi skipulagsmála. Sameiginlega mynda þau framkvæmdateymi.

Hlutverk ritara og móttökuritara verði skilgreint sem nýtt hlutverk verkefnastjóra, undir stoðþjónustu.

- Skilgreindir verði verkefnastjórar með sérþekkingu á tilteknum málavæðum og þeirra megin verkefni verði að vinna verkefni á því sviði. Hins vegar verði þeim jafnframt gert kleyft að sinna öðrum verkefnum.*

Í byggingamálum annars vegar og skipulagsmálum hins vegar verði skilgreindur einn sérfræðingur á hvoru sviði sem verði byggingafulltrúa og skipulagsfulltrúa til aðstoðar í daglegum störfum.

Hlutverk aðstoðarmanns skipulagsfulltrúa sem sinnir lóðamálum verði skilgreint sem verkefnastjóri í lóðamálum og fært undir stoðþjónustu, en vinni engu að síður náð með fagsviðum.

Hlutverk aðstoðarmanns byggingafulltrúa sem sinnir byggingaefirliti verði skilgreint sem verkefnastjóri í mannvirkjamálum og fært undir stoðþjónustu, en vinni engu að síður náð með fagsviðum.

Ráðið verði í nýtt hlutverk sérfræðings í skipulagsmálum.

Launakjör starfsmanna munu taka breytingum og taka mið af Starfsmati Sambandsins í þeirri viðleitni að samræma kjör við það sem gerist og gengur hjá sveitarfélögum, í samræmi við greiningu Strategíu. Viðaukum við grunnlaun og vísitölutengingu launa verður sagt upp og launahækkar tengdar viðkomandi kjarasamningi. Aksturssamningum verður sagt upp en á vegum embættisins verði bílar sem starfsfólk getur nýtt til að sinna starfstengdum erindum á vinnutíma.

Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra er falið að kynna nýtt stjórnskipulag og breytingarnar fyrir starfsfólki. Framkvæmdastjóra og framkvæmdateymi er falið að innleiða breytingarnar. Framkvæmdastjóra er falið að gera tillögur að breytingum á samþykktum félagsins í samræmi við breytingar á skipuriti, og leggja fyrir stjórn til afgreiðslu.

Starfsfólk vann tillögur að gildum á vinnustofunni sem eru eftirfarandi;

Jákvæðni

Viðhorf okkar til samfélagsins og þjónustunnar byggir á góðum samskiptum og lausnamiðuðum hugsunarhætti. Jákvæðni okkar smitar út frá sér og styrkir bæði liðsheild og starfsanda.

Traust

Grunnstoð árangursríks samstarfs og faglegra ákvarðana byggir á heiðarleika, áreiðanleika og gagnsæi. Þegar samfélagið ber traust til starfseminnar er rými fyrir opna umræðu, frumkvæði og ábyrgð.

Virðing

Við metum fólk að verðleikum, hlustum af einlægni og tókum tillit til ólíkra sjónarmiða. Virðing fyrir embættinu styrkir tengsl við samfélagið, eykur vellíðan og stuðlar að heilbrigðu og öruggu starfsumhverfi.

Stjórn samþykkir gildin fyrir starfsemi félagsins og felur framkvæmdastjóra að gera þau sýnileg í starfseminni og innleiða þau.

Jafnframt samþykkir stjórn að fela framkvæmdastjóra að vinna að eftirfarandi aðgerðum sem miða að því að gera UTU bs. að enn betri vinnustað.

- *Aðstoða starfsfólk að stofna starfsmannafélag sem sinni hópefli, stuðli að aukinni starfsánægju með félagslegum aðgerðum.*
- *Vinna tillögu að samræmingu verkferla í stoðþjónustu og hvernig er hægt að innleiða sjálfvirkni og samkeyrslu kerfa. Í því felst jafnframt að finna leiðir til betri nýtingar vinnutíma með mælingum og tímaskráningu, og notkun gervigreindar og síunar í þjónustugátt.*
- *Uppfæra starfslýsingar og skipuleggja starfsþróunarsamtöl.*
- *Vinna tillögu að starfsmannastefnu félagsins sem innihaldi m.a. viðverustefnu, endurmenntunaráætlun og starfsþróunaráætlun.*

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:10.

Undirritunarsíða

Haraldur Þór Jónsson

Helgi Kjartansson

Ísleifur Jónasson

Walter Fannar Kristjánsson

Ása Valdís Árnadóttir

Herbert Hauksson

Björn Kristinn Pálmarsson

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

Árni Eiríksson